



Námsáætlun

LÍFF2le05 Vor 2021

Kennarar:

Guðbjörg Guðjónsdóttir, guðbjorgg@fq.is og Íris Hv. Skaftadóttir, irishs@fq.is

Kennslugögn:

Inquiry into Life, 16. útgáfa. Sylvia S. Mader og Michael Windelspecht.

Vika	Yfirferð	Kafli	Próf /Verkefni/Annað
1. 24.-26. feb.	Frumulífeðlisfræði	3	Frumur
2. 1.-5. mars	Flutningur efna um frumuhimnu	4	Smásjá 9.3 úrsagnareindagi
3. 8-12. mars	Loftháð og loftfirrð öndun	7(hluti)	Flæði/osmósa
4. 15.-19 mars	Vefir og líffærakerfi. Samvægi og húð	11	Vefir og líffæri 19.3 námsmatsdagur
5. 22.-26. mars	Blóðrásakerfi og hjarta	12	Próf 1
29. mars-6. apríl	Páskafrí		
6. 7.-9. apríl	Hjarta og æðar	12	Hjartakrufning Miðannamat
7. 12.-16. apríl	Blóðþrýstingur og vessakerfið.	12 og 13(hluti)	Blóðþrýstingur
8. 19.-23. apríl	Ónæmi	13(hluti)	Blóðflokkun 22.4. Sumardagurinn fyrsti
9. 26.-30. apríl	Melting	14(hluti)	28.4. námsmatsdagur
10. 3-7. maí	Öndunarkerfið	15	Öndunartilraun
11. 10.-14. maí	Lokaverkefni		Próf 2 13.5. Uppstigningardagur
12. 17.-18. maí	Lokaverkefni		Kynning

Athugið að námsáætlunin er áætlun og getur tekið breytingum
Próf eru 19. og 20. maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Námsmat:

2 próf í kennslustundum 40% (20% hvort)

Skýrslur 15%

Ýmis verkefni 25%

Lokaverkefni 10%

Ástundun 10% (Mæting, vinna í tímum og heimavinna)

Ekkert lokapróf er í áfanganum. Til að nemandi standist áfangann verður meðaltal prófa á önninni að ná 4,5. Einkunnir fyrir verkefni og ástundun reiknast ekki með í lokaeinkunn ef meðaltal prófa er undir 4,5.

ATH! Lokaeinkunn þarf að vera a.m.k. 5 til að nemandi standist áfangann.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu, verkefnaskilum og að afla sér upplýsinga um það sem gerist í þeim kennslustundum sem þeir missa af. Ætlast er til að nemendur skoði Innu daglegu og fylgist með tilkynningum frá kennara.



Próf og verkefni:

Tvö próf verða á önninni og gilda 20% hvort. Ef nemandi kemst ekki í próf skal hann tilkynna það samdægurs á skrifstofu skólans. Sjúkrpróf eru næsta námsmatsdag á eftir prófi.

Verkefnum skal skilað fyrir auglýstan skilafrest sem birtur er á Innu. Dregið er niður um 1,0 fyrir hvern dag sem skil dragast í þrjá daga. Eftir það er ekki tekið við verkefni og nemandi fær einkunnina 0. Sum verkefni eru tímaverkefni og þeim skal skilað í lok kennslustundar. Ekki er tekið á móti verkefnum í tölvupósti.

Reglur um ritstuld:

Reglur um ritstuld gilda fyrir allt sem skilað er. Öll tilvik þar sem texti í skýrslu, verkefni eða öðru er tekinn beint úr bók, af vefsíðu, úr verkefni annars nemanda eða annars staðar frá teljast ritstuldur. Einkunnin núll er gefin fyrir verkefni sem eru ritstolin. Turnitin forritið verður notað til að sporna gegn ritstuldi.

Ábyrgð nemenda:

Ætlast er til að nemendur skoði Innu daglegu og fylgist með tilkynningum frá kennara. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu, verkefnaskilum og að afla sér upplýsinga um það sem gerist í þeim kennslustundum sem þeir missa af.

Markmið áfangans

Nemandi skal hafa öðlast **þekkingu og skilning** á:

- undirstöðuatriðum í lífeðlisfræði.
- frumum og starfsemi frumna.
- byggingu og starfsemi nokkurra líffærakerfa. (Húð, hjarta- og blóðrásarkerfi, meltingar- og öndunarkerfi).
- samhæfingu líffærakerfa sem stuðla að innra jafnvægi líkamans.

Nemandi skal hafa öðlast **leikni** í að:

- greina ólíkar frumugerðir.
- lýsa starfsemi líffærakerfanna í máli og myndum.
- átta sig á hvað telst eðlileg líkamsstarfsemi.
- skilja og tengja störf ólíkra líffærakerfa.
- kryfja líffæri.
- skrifa skýrslu.
- vinna úr heimildum á neti.
- koma þekkingu sinni á framfæri.

Nemandi skal geta **hagnýtt** þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera einfaldar mælingar á líkamsstarfsemi s.s. blóðþrýstingsmælingar og öndunarmælingar og tengja niðurstöður við fræðin og draga ályktanir af þeim.
- kryfja innri líffæri og skrifa skýrslu um það.
- útskýra þekkingu sína í máli og myndum.
- leita að áreiðanlegum heimildum á netinu og nýta þær til að leysa verkefni